

an ekki langt burtu. Séra Sleet tók sig einu sinni til og fór að reyna að veita vatninu úr tjörnunum og kílunum yfir á harðlendið, svo það yrði frjósamt. Varði hann til þess heilu sumri, og hafði með sér til þess verks þá duglegustu menn, er hann fékk. Valdi hann sérstaklega til þess menn, sem hann þekkti að því, að geta kastað langt af skóflunum; gjörði hann slíkt til þess, að sem minnst skyldi hlaðast á skurðbakkana. En vegna dugnaðarins og ákafans í því, að koma verkinu áfram, gætti hann ekki að því, fyr en skurðurinn var nærri fullgjör, að tjarnirnar og flóðkílarnir lágu lægra en harðvellið, sem vatnið skyldi veitast á. Síðan hefir þessi skurður orðið einungis til þess, að allt það regnvatn, sem komið hefir niður á harðvellið, hefir á augabragði runnið niður í tjarnirnar og flóðkílana, og þótt rigningaár hafi komið, þá hefir aldrei sprottið þar síðan svo mikið gras, að þótt hafi ljáberandi. Hann ritaði allmikið, en sérstaklega þótti þó kveða að honum í ræðustólnum. Eg hlakkaði því mjög til, að hlusta á þenna mann, sem eg hafði heyrt svo mikið látið af. Bjóst eg við að heyra eitthvað mergjað, enda brást mér ekki sú von. Framburður hans var mjög áheyrilegur, og til þess að gefa orðum sínum meiri kraft, tók hann nokkurs konar ídýfur, og tvítók þá setningarnar með að eins ofurlitlum orðamun, og var slíkt auðskiljanlega gjört til að gefa þeim meiri áherzlu. Það var líkast því, sem hann vildi reka kenningar sínar inn í áheyrendurna með stoðasleggju (piledriver). Fyrst talaði hann um hinn spillta tíðaranda, sem nú virtist ráða mestu í mannfélaginu og einna greinilegast kæmi í ljós á þann hátt, að mikill fjöldi manna þættist sjálfur hafa vit og rétt til þess, að gjöra greinarmun góðs og ills, en slíkt væri hin mesta hætta, og það væri synd, að láta sér detta slíkt í hug. Það væri einmitt það, sem djöfullinn hefði heitið Evu, þegar hann sveik hana. Það væru að eins hinar viðteknu trúarsetningar, sem menn gætu óbyggjandi haft fyrir leiðarstjörnu. Hann kvað það vera eitt sorglegt tákni tímanna, hversu mikið traust mennirnir hefði á sjálfum sér, sem svo eðlilega leiddi af sér þá voðalegu hættu, að menn væri hættir að vera hræddir við Belzibub, og þegar svo langt væri komið, að menn væri ekki lengur hræddir við hans djöfullegu hátign, þá væri menn heldur ekki lengur varir um sig fyrir honum, og þess